



Ársskýrsla 2020



Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari
Kvennaskólinn í Reykjavík

Hlutverk og markmið skólans	2
Skólastarfið og Covid-19	2
Tölulegar upplýsingar	2
Nemendatölur	2
Innritun nýnema 2020	2
Skipting nemenda á námsbrautir	2
Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni	3
Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum.....	3
Útskriftarhlutfall	3
Starfsfólk.....	3
Skólanefnd árið 2020.....	3
Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2020	4
Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	4
Yfirstjórn skólans	5
Skipurit	5
Kynjaskipting starfsfólks	5
Fjármál	5
Skólasamningur og stefnuskjal til þriggja ára (2020-2022).....	6
Kjarnastarfsemi.....	6
Markmið: „Að nemendur séu ánægðir og þeim líði vel í skólanum“	6
Markmið: „Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms“	8
Markmið: „Efla mannauð, samskipti og samvinnu“	9
Rekstrarþættir	9
Markmið: „Að starfsemi skólans snerti öll heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun“	9
Markmið: „Að nemendum og starfsmönnum verði skapaðar góðar vinnuaðstæður“	10
Markmið: „Starfsemi bókasafnsins verði í takti við tíðarandann sem upplýsinga- og vinnumiðstöð“	10
Lokaorð	11

Hlutverk og markmið skólans

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Námstími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Lokamarkmið bóknámsbrauta skólans er stúdentspróf. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri, þ.e. lokaeinkunn hvers áfanga verður að vera 5 eða hærrí og aðaleinkunn, vegið meðaltal allra lokaeinkunna, verður að vera 5,0 eða hærrí. Þó er heimilt að ljúka tveimur áföngum með lokaeinkunninni 4.

Skólastarfið og Covid-19

Árið 2020 hafði Covid-19 mikil áhrif á skólastarfið. Þann 16. mars var skólanum lokað eins og öllum öðrum framhaldsskólum og skipt yfir í fjarkennslu fram á vor. Að hausti gat skólastarf ekki hafist með hefðbundnum hætti en lögð var áhersla á að nýnemar fengju að mæta fyrstu daga skólaársins. Framan af hausti var hluti nemenda í fjarkennslu og hluti í staðkennslu en fljótlega í október þurfti að senda nemendur aftur heim út önnina. Í lok beggja anna voru engin próf haldin í skólanum og þau öll tekin í gegnum Innu.

Það var aðdáunarvert hvernig bæði kennarar og nemendur tókust á við nýjar aðstæður og kennarar unnu mikið þrekvirki þegar breyta þurfti á augabragði staðkennslu yfir í fjarkennslu á einni helgi. Sömu sögu er að segja af stoðþjónustunni sem aðlagði sig að nýjum aðstæðum og var mikil alúð lögð í að halda utan um nemendur. Það var auk þess mikil vinna fyrir stjórnendur skólans að skipuleggja í sífellu skólastarf með mið af nýjum sóttvarnarreglugerðum hverju sinni.

Tölulegar upplýsingar

Nemendatölur

Innritun nýnema 2020

Karlar	Konur	Kynsegin	Samtals
60	162	0	222

Skipting nemenda á námsbrautir

Námsbraut	Vor 2020				Haust 2020			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	74	73	73	2	96	73	71	5
Hugvísindabraut	23	15	0	0	0	22	15	0
Náttúruvísindabraut	123	121	110	1	126	118	120	6

Nemendafjöldi samtals	615	652
-----------------------	-----	-----

Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni

Námsbraut	Vor 2020			Haust 2020		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	45	177	0	47	198	0
Hugvísindabraut	7	31	0	7	30	0
Náttúruvísindabraut	115	240	0	128	242	0

Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum

Námsbraut	Vor 2020	Haust 2020
Félagsvísindabraut	71	4
Hugvísindabraut	0	0
Náttúruvísindabraut	104	5
Alls	175	9

Útskriftarhlutfall

Eitt af meginmarkmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast nái að brautskrást og einnig að þeir nái að brautskrást sem stúdentar á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi.

Í þriðja bekk vorið 2020 voru 183 nemendur, af þeim voru brautskráðir vorið 2020 171 (93%).

Haustið 2017 innrituðust 201 nemandi í 1. bekk af þeim útskrifuðust 165 vorið 2020 og 5 stefna að útskrift í desember 2020 og 6 vorið 2021. Útskriftarhlutfall þessa innritunarhóps frá 2017 stefnir því í að verða rúmlega 88%.

Starfsfólk

Skólanefnd árið 2020

- Eva Einarsdóttir, formaður
- Eiríkur Orri Agnarsson
- Stefán Hilmarsson
- Sjöfn Þórðardóttir
- Örn Þórðarson
- Haraldur Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna á vorönn
- Ásdís Arnalds, áheyrnarfulltrúi starfsmanna á haustönn
- Hekla Hlíðkvist Hauksdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda á vorönn
- Kolbeinn Freyr Björnsson, áheyrnarfulltrúi nemenda á haustönn
- Sólveig Franklínisdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra á vorönn

Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2020

Starfsheiti	Karlar		Konur		Samtals	Hlutfall samtals
	Fjöldi	Starfs- hlutfall	Fjöldi	Starfs- hlutfall		
Aðstoðarskólameistari			1	1,00	1	100,00%
Bókavörður			1	0,60	1	60,00%
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	1,00	1	100,00%
Framhaldsskólakennari	15	12,21	38	32,00	53	4421,00%
Fulltrúi skrifstofu			1	1,00	1	100,00%
Leiðbeinandi			4	3,05	4	305,00%
Matreiðslumeistari	1	1,00		3,50	1	351,00%
Námstjóri			1	1,00	1	100,00%
Náms- og starfsráðgjafi			2	1,30	2	130,00%
Sálfræðingur	1	0,40			1	40,00%
Skjalastjóri			1	1,00	1	100,00%
Skólameistari	1	1,00			1	100,00%
Umsjónarmaður fasteigna	1	1,00			1	100,00%
Þjónustuliði mötuneyti			2	1,70	2	170,00%
Þjónustuliði ræstingu	3	2,70	2	1,20	5	390,00%
Samtals	22	18,31	54	48,35	76	6567,00%


Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 4,0
- Kennarar og leiðbeinendur 47,3
- Aðrir starfsmenn 14,4

Yfirstjórn skólans

- Skólameistari – Hjalti Jón Sveinsson
- Aðstoðarskólameistari – Oddný Hafberg
- Námstjóri – Björk Þorgeirsdóttir
- Fjármála- og skrifstofustjóri – Guðný Rún Sigurðardóttir

Skipurit



Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 54 eða 71,0%
- Karlar 22 eða 29,0,0%

Starfsaldur kennara er 15,7 ár, meðal lífaldur kennara er 46,4 ár.

Fjármál

Á árinu 2020 var ársveltan 877,2 m.kr. og afkoma neikvæð um 64,3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign neikvæð sem nemur 7,7 milljónum í árslok en eignir samtals kr. 88,8 milljónir. Um er að ræða mikinn viðsnúning á rekstri frá árinu 2019 þegar skólinn var rekinn með 4,8 milljóna kr. afgangi.

Fjárheimild samkvæmt fjárlögum var 945,2 m.kr. en þar af voru sértekjur áætlaðar 55,4 m.kr. sem skólanum var ætlað að innheimta. Til greiðslu úr ríkissjóði voru 889,8 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir 34,9 m.kr. til fjárfestinga en af því nýttar 17,2 m.kr. Áfram var unnið að endurnýjun á tækjum og búnaði í kennslustofum, tölvu- og netbúnaði og húsbúnaði starfsmanna og nemenda.

Skólasamningur og stefnuskjal til þriggja ára (2020-2022)

Kjarnastarfsemi

Markmið: „Að nemendur séu ánægðir og þeim líði vel í skólanum“


Verkefni og aðgerðir:


- Efla og endurskoða umsjónarkerfið til að styrkja betur bekkjarandann (endurskoða starfslýsingar).
- Aðlaga verkefnið Uppeldi til ábyrgðar betur að þörfum skólans og meta árangur í starfsmannakönnun.
- Endurskoða kennslu- og áfangamat og leggja reglulega viðhorfskannanir fyrir nemendur.

Mælikvarðar:

1. Hlutfall ánægðra nemenda. Viðmið: Kanna hjá nemendum á öllum námsárum. Ekki færri en 95% nemenda og forráðamanna telja sig eða barnið sitt ánægt í skólanum.



Staðan 2020: Könnun lögð fyrir alla nemendur skólans 7.-11. október 2020.





2. Samsömun og félagsleg tengsl. Viðmið 2020, ekki færri en 90% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum.

Staðan 2020: Könnun lögð fyrir alla nemendur skólans 7.-11. október 2020.



3. Vinnuandi í kennslustofum

Staðan 2020: Unnið að endurskoðun kennslu- og áfangamats. Skólahald var með óhefðbundnu sniði stærstan hluta ársins og því náðist ekki að leggja fyrir nýtt áfanga- og kennslumat árið 2020. Vinna í gangi og stefnt að því að leggja fyrir nýtt kennslu- og áfangamat á vorönn 2021 þar sem spurt verður um vinnuanda í kennslustofum.

Könnun lögð fyrir umsýðarkennara í 1. bekk skólaárið 2019-2020 í maí 2020.



Könnun lögð fyrir starfsmenn í apríl 2020 þar sem spurt var um húsping vorannar og þátttöku þeirra í starfsþróunardegi framhaldsskólanna.

Niðurstöður: 83% voru ánægð með aðalfyrirlestur húspingsins og 94% ánægð með málstofurnar.

Markmið: „Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms”

Verkefni/aðgerðir:

- Gæta þess að fjöldi valáfanga á 3. þrepi sé nægur og í samræmi við aðgangsviðmið háskóla
- Bjóða uppá valáfanga í forritun/tölvufræði, fjölga valáföngum í stærðfræði fyrir félags- og hugvísindabraut og endurskoða námsáfanga á hugvísindabraut
- Auka ráðgjöf og stuðning við nemendur þegar kemur að vali fyrir 3. árið.

Mælikvarðar: 90% útskrifaðra nemenda fara í framhaldsnám og að 90% þeirra telji námið í Kvennaskólanum góðan undirbúning fyrir frekara nám.

Ákveðið var að fresta könnun sem senda átti útskrifuðum nemendum (útskrift vorið 2017) til vorannar 2022. Á árinu var unnið markvisst með fagstjórum að framboði valáfanga í öllum greinum og námsráðgjöf skólans setti fram skýrari leiðbeiningar fyrir nemendur þegar kemur að vali.

Kynning á valáföngum fyrir skólárið sjá [hér](#).

Leiðbeiningar fyrir nemendur þegar kemur að vali („[Hvað þarf ég að hafa í huga við val á áföngum](#)”)

Markmið: „Efla mannauð, samskipti og samvinnu”

Verkefni/aðgerðir:

- Óskir og þarfir um endurmenntun könnuð með reglubundnum hætti
- Endurskoða skipurit skólans með það fyrir augum að efla og styrkja fagstjórastarfið til að auka samstarf milli námsgreina og innan skyldra greina
- Tryggja erlendum starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum t.d. með tulkapjónustu og hvetja þá til þátttöku

Mælikvarðar: Ekki færri en 75% starfsmanna svari könnun þar sem spurt er um endurmenntun á vegum skólans. Setja á reglulega samráðsfundi stjórnenda og fulltrúa kennarafélagsins og að skipulögð fræðsludagskrá miðist við alla starfsmenn skólans.

60% starfsmanna svaraði könnun eftir húsping vorannar 2020 þar sem spurt var um endurmenntun á vegum skólans.

Á árinu vann matshópur í samvinnu við fagstjóra spurningakönnun fyrir alla starfsmenn skólans. Þessi könnun er liður í [umbótaáætlun](#) vegna ytra mats árið 2019. Skipulögð fræðsludagskrá, svokölluð húsping eru haldin á hverju skólaári. Vinna við handbók starfsmanna er í gangi og næsta skref er að taka þætti úr henni sem snúa að öllum starfsmönnum og láta þýða yfir á pólsku.

Rekstrarþættir

Markmið: „Að starfsemi skólans snerti öll heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun”

Verkefni/aðgerðir:

- Óskir og þarfir um endurmenntun innanhúss könnuð með reglubundnum hætti
- Samgöngustefna/samgöngustyrkur endurskoðuð með áherslu á vistvænar og heilsusamlegar samgöngur
- Auka fræðslu um heimsmarkmið SP og hvernig má innleiða þau í starfsemi skólans

Mælikvarðar: Húsping haldin á hverju skólaári, fræðsluerindi á skóla- og kennarafundum og kynna betur þátttöku skólans í Unesco-skóla verkefnum.

Rafrænt húsping var haldið á vorönn 2020, sjá dagskrá:

Húsping Kvennaskólans – vorönn 2020
Þriðjudaginn 18. febrúar

Kl. 12:30 – 12:45 Hjalti Jón Sveinsson opnar þingið (M19)

Kl. 12:45 – 14:00 “Af hverju þriggja anna kerfi í FG?” (M19)
Kristinn Þorsteinsson, skólameistari FG
Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri í FG

Kl. 14:00 – 14:30 Kaffihlé

Hver starfsmaður velur sér eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta

Málstofur I: Kl. 14:30 – 15:10

Vendikennsla og youtube kynslóðin M24	Fyrirlestrarforritið Nearpod (https://sniallkennsla.is/nearpod/) M15	Hvað segja nemendur? M23
Geir Guðjónsson	Hvernig við notum Nearpod í okkar kennslu	Nemendur af öllum námsbrautum segja hvernig þeim finnst best að læra.
	Linda Björk, Valgerður Stella og Karólína Helga	Ásdís Arnalds stýrir málstofunni

Málstofur II: Kl. 15:20 – 16:00

Playposit – vefurinn M17	Hinseginleikinn 101 M16	Hvað segja nemendur? M23
Grétar Skúlaon segir frá því hvernig unnið er með Playposit vefinn í ensku-áfrögum	Tóttla Sæmundsdóttir fræðslustýra Samtakanna'78 veitir fræðslu til starfsmanna um helstu hugtök er tengjast hinsegin heiminum (fjölbreytileiki kyns og kynverund) og hvernig best er að koma til móts við börn og ungmenni.	Nemendur af öllum námsbrautum segja hvernig þeim finnst best að læra.
		Þórdís Eyvör stýrir málstofunni

Við skipulag á húspingum er óskað eftir tillögum og/eða ábendingum frá starfsmönnum. Eftir húsping er lögð fyrir starfsmenn könnun. Samgöngustefna og samningur um samgöngustyrk kynnt sérstaklega fyrir starfsfólki á vorönn 2020, verið er að endurskoða samgöngustefnu. Á framkvæmdalista Ríkiseigna er að búa til betri hjólageymslu við Miðbæjarskólann og sér sturtuáðstöðu fyrir starfsfólk. Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun skólans endurskoðuð reglulega. Skólinn fékk [staðfestingu á jafnlaunavottun](#) 22. desember 2020.

Markmið: „Að nemendum og starfsmönnum verði skapaðar góðar vinnuáðstæður”

Verkefni/aðgerðir:

- Endurnýjun á búnaði í kennslustofum, borð, stólar og miðlunartæki
- Endurnýjun á húsbúnaði aðalskrifstofu í tengslum við viðhaldsvinnu Ríkiseigna
- Endurnýjun á húsbúnaði á kaffistofu starfsmanna í U (Þingholtsstræti).

Mælikvarðar: Nýr húsbúnaður (borð og stólar) og sjónvarpsskjáir í stað skjávarpa endurnýjaðir í 5-8 kennslustofum. Skjávarpar sem úreldast endurnýjaðir með sjónvarpsskjám, aðalskrifstofa skólans (Fríkirkjuvegur 9) og kaffistofa starfsmanna í Uppsölum (Þingholtsstræti 37) endurnýjuð.

Endurnýjun á húsbúnaði og miðlunartækjum er verkefni sem er sífellt í gangi, unnið í samvinnu við kennara þar sem leitað er eftir upplýsingum um hvernig húsgögn, uppröðun o.fl. hentar í ákveðnum kennslugreinum. Staðan er þannig að árinu 2020 þá er búið að endurnýja stóla og borð í 6 kennslustofum, búið að setja upp smartskjái í 3 kennslustofur og sjónvarpsskjáir í stað skjávarpa eru komnir í 7 kennslustofur.

Hönnun á aðalskrifstofu skólans er hafin og í höndum Ríkiseigna. Endurnýjun á kaffistofu starfsmanna í Uppsölum lokið.

Markmið: „Starfsemi bókasafnsins verði í takti við tíðarandann sem upplýsinga- og vinnuáðstöð”

Verkefni/aðgerðir

- Mótuð stefna til næstu ára í starfsemi og rekstri bókasafnsins
- Bókakostur safnsins grisjaður og skráður í Gegni
- Vinnuaðstaða endurskipulögð

Mælikvarðar: Ljúka við að skrá safnkost í gegni og skapa rýmri lesaðstöðu fyrir nemendur. Forstöðukona bókasafnsins sótti námskeið í skráningarþætti Gegnis sem veitir skráningaheimild í kerfið. Samhliða er verið að fara yfir áskrift að pappírsgögnum og tengingu við rafræna gagnabanka. Vinnuaðstaða kennara er í stöðugri endurskoðun, samvinna stjórnenda, fulltrúa kennara og umsjónarmanns fasteigna. Verið að vinna í endurnýjun á vinnuborðum (rafknúin skrifborð) og stóla við vinnuborðin.

Lokaorð

Í skýrslunni hefur í stuttu máli verið farið yfir helstu tölur í rekstri, nemenda- og starfsmannahaldi og hvernig hefur gengið að ná árangursmælikvörðum sem settir voru í stefnumiðaðri matsáætlun til þriggja ára. Árið 2020 litaðist að miklu leyti af Covid-19 og fjölmargar áskoranir sem því fylgdu. Kennarar og starfsmenn skólans eiga hrós skilið fyrir því hvernig störfum var sinnt í krefjandi aðstæðum og má segja að þeim hafi ekki enn verið fulllaunað fyrir. Nemendur stóðu sig líka vel og ekki dró úr námsárangri. Eitt er víst að öll höfum við dregið ótrúlegan lærdóm af ástandinu.